

✉ Re: Beiðni um umsögn vegna tillögu að friðlýsingu Barðsnessvæðisins

Búið til	10.8.2021 13:58:21
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.8.2021 13:58:19
Tilheyrir	 202105-0005 - Tillögu að friðlýsingu Barðsnessvæðisins í Fjarðabyggð, umsögn

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna tillögu að friðlýsingu Barðsnessvæðisins

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	10.8.2021 13:58:19	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-11 Umsagnir um friðlýsingar		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	liljab@ust.is, ust@ust.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202105-0005 (SS).

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 30. apríl 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að friðlýsingu Barðsnessvæðisins. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu að afmörkun friðlýsta svæðisins og að friðlýsingarskilmálum og hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa.

Upphaf friðlýsingarferilsins má rekja til Náttúruverndaráætlunar 2009-2013 sem var samþykkt af Alþingi. Þar var lagt til að friðlýsa Gerpissvæðið vegna búsvæða sjaldgæfra æðplöntutegunda sem þar finnast og að meginmarkmið friðlýsingarinnar væri að tryggja verndun búsvæðanna.

Þegar undirbúningur friðlýsingar hófst árið 2019 var óskað eftir mati Náttúrufræðistofnunar á verndargildi Gerpissvæðisins og skilaði stofnunin greinargerð til Umhverfisstofnunar þann 7. nóvember 2019. Þann 8. október 2020 skilaði Náttúrufræðistofnun viðbótarupplýsingum sem óskað hafði verið eftir um verndargildi jarðanna Borga við Norðfjörð og Grænanes og Helgustaði við Reyðarfjörð sem ákveðið var að bæta við áformaða friðlýsingu.

Áform um friðlýsinguna voru kynnt 30. september 2020 og gerði Náttúrufræðistofnun ekki frekari athugasemdir eftir að hafa komið ábendingum sínum á framfæri í greinargerðum um mat á verndargildi.

Friðlýsingartillagan sem var auglýst í lok apríl 2020 hefur tekið töluverðum breytingum frá því að áformin voru auglýst í haust. Þar vegur þyngst að svæðið sem um ræður hefur minnkað töluvert. Stærstur hluti Vöðlavíkur, öll Sandvík, allur Gerpír og stór hluti suðursvæðisins (allt nema Krossanes) er ekki lengur hluti af áætluðu friðlýstu svæði. Þetta er afar neikvæð þróun að mati Náttúrufræðistofnunar því lykilsvæði eru nú ekki lengur innan afmörkunar áætlaðrar friðlýsingar.

Þar veða þyngst fundarstaðir plöntutegunda á válista sem voru aðalforsendan fyrir því að svæðið fór á Náttúruverndaráætlun á sínum tíma. Þetta eru fundarstaðir stinnasefs (*Juncus squarrosus*) við Kirkjuból í Vöðlavík og Karlsskála við Reyðarfjörð, tveir fundarstaðir sífjarsóleyjar (*Ranunculus islandicus*) í Vöðlavík og þrír fundarstaðir skógelftingar (*Equisetum sylvaticum*) í Sandvík. Allir þessir fimm fundarstaðir lenda utan afmörkunarinnar. Af fundarstöðum æðplantna á válista eru einungis fundarstaður lyngbúga (*Ajuga pyramidalis*) í Hellisfirði og einn fundarstaður skógelftingar í austanverðum Viðfirði innan áætlaðs friðlýsts svæðis. Friðaða plantan skógfjóra (*Viola riviniana*) sem er þó ekki á válista er einnig að mestu utan afmörkunarinnar. Það er því óhætt að segja að sú áætlaða friðlýsing sem hefur verið auglýst mun ekki ná þeim markmiðum sem lagt var upp með að tryggja verndun búsvæða þessara fágætu plöntutegunda. Það er mjög miður.

Fleiri náttúruminjar sem fjallað var um í greinargerð Náttúrufræðistofnunar um verndargildi alls svæðisins falla utan auglýstrar afmörkunar. Þar má nefna breiðu af sjávarfitjungsvisi sem er forgangsvistgerð með hátt verndargildi og er við Kirkjuból í Vöðlavík. Þá er Gerpír skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en þar er stór fýlabyggð (22 þúsund pör). Í Gerpi er einnig töluvert um súrt gosberg (líparít) sem og í Barðnesinu sem er að stærstum (en ekki öllum) hluta innan afmörkunarinnar.

Það er því ljóst að verndargildi áætlaðs friðlýsts svæðis er umtalsvert minna en svæðisins sem upphaflega var til skoðunar og afar óheppilegt að Vöðlavík, Gerpír og Sandvík sérstaklega hafi verið felld út. Náttúrufræðistofnun bindur vonir við að hægt verði að víkka út mörk friðlýsingarinnar þannig að þessi svæði verði með eins og upphaflega var lagt upp með.

Athugasemdir við einstaka friðlýsingarskilmála:

Í 1. grein um friðlýsinguna segir að þar sé að finna tegundir skráðar á válista s.s. stinnasef, skógelftingu og lyngbúa. Miðað við breytta afmörkun eru fundarstaðir stinnasefs og flestir fundarstaðir skógelftingar ekki lengur innan svæðisins og ætti ekki að minnast á þær tegundir sérstaklega hér í það minnsta ekki stinnasef.

Í 12. grein um landnotkun segir að réttur bænda til nýtingar afrétta, sauðfjárbeitar og smölunar helst óbreyttur. Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að skoða tækifæri til stýringar á sauðfjárbeit innan friðlýsta svæðisins t.d. með því að beitarfriða tiltekin svæði. Þannig skapast betur forsendur fyrir gróðurfar að þróast á eigin forsendum.

Í 14. grein um umferð segir að umferð hjólandi sé heimil á skilgreindum leiðum og vegum. Er hér átt við allar skilgreindar leiðir og vegi þ.m.t. skilgreindar gönguleiðir eða að sérstakar hjólaleiðir verði skilgreindar og þar sé umferð hjólandi leyfð? Þetta má vera skýrara í skilmálunum.

Í 16. grein um veiði og notkun skotvopna eru veiðar heimilar á svæðinu í samræmi við lög nr. 64/1994. Náttúrufræðistofnun telur að skoða megi að banna veiði á einhverjum hluta svæðisins þannig að þar verði eiginlegt friðland.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari ráðgjöf við undirbúning friðlýsingarinnar eins og þörf er á.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Lilja Bjarnadóttir" <liljab@ust.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn vegna tillögu að friðlýsingu Barðsnessvæðisins

Date: 3.5.2021 14:59:47

Góðan dag,

Í viðhengi er bréf vegna beiðni um umsögn um tillögu að friðlýsingu Barðsnessvæðisins í Fjarðabyggð. Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur, Best regards

Lilja Bjarnadóttir

Sérfræðingur / Advisor

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa / Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

image001.png (3 KB)